



**48. fundur Heimastjórnar Fljótsdalshéraðs  
haldinn í fjarfundi, fimmtudaginn 4. júlí 2024  
og hófst hann kl. 13:00**

**Fundinn sátu:**

Vilhjálmur Jónsson formaður, Jóhann Gísli Jóhannsson aðalmaður, Guðný Drífa Snæland varamaður og Óðinn Gunnar Óðinsson skrifstofustjóri.

**Fundargerð ritaði:** Óðinn Gunnar Óðinsson, fulltrúi sveitarstjóra á Fljótsdalshéraði og skrifstofustjóri

**Dagskrá:**

**1. 202210021 - Heimreiðar og viðhald þeirra**

Fyrir liggur minnisblað um heimreiðar, frá opnum fundum heimastjórnar, sem haldnir voru í Brúarási og að Eiðum (gamla barnaskólanum) 16. og 17. apríl 2024.

Á fundinn undir þessum lið mætti Hugufrún Hjálmarsdóttir, framkvæmda- og umhverfismálastjóri sem fór yfir samskipti sín við Vegagerðina varðandi málið.

Heimastjórn Fljótsdalshéraðs áréttar fyrri fyrirspurnir varðandi málið sem er á forræði Vegagerðarinnar.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**2. 202405039 - Tengivegir á Fljótsdalshéraði**

Fyrir liggur minnisblað um tengivegi, frá opnum fundum heimastjórnar, sem haldnir voru í Brúarási og að Eiðum (gamla barnaskólanum) 16. og 17. apríl 2024.

Á fundinn undir þessum lið mætti Hugufrún Hjálmarsdóttir, framkvæmda- og umhverfismálastjóri sem fór yfir samskipti sín við Vegagerðina varðandi málið.

Heimastjórn Fljótsdalshéraðs áréttar fyrri fyrirspurnir varðandi málið sem er á forræði Vegagerðarinnar.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**3. 202406165 - Deiliskipulagsbreyting, Ný aðveitustöð á Hryggstekk í Skriðdal**

Fyrir liggur erindi frá Verkís, fyrir hönd Landsnets, þar sem óskað er eftir heimild til breytinga á deiliskipulagi Fljótsdalslínu 3 og 4 í Skriðdal vegna byggingu nýrrar aðveitustöðvar. Jafnframt liggur fyrir tillaga frá Verkís að breytingu á skipulaginu.

Eftirfarandi var bókað á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs 1.7. 2024:  
Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að fyrirbyggjandi vinnslutillaga verði



kynnt í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar málinu til afgreiðslu hjá heimastjórn Fljótsdalshéraðs.

Heimastjórn Fljótsdalshéraðs samþykkir að unnin verði breyting á gildandi deiliskipulagi Fljótsdalslínu 3 og 4 í Skriðdal og að fyrirliggjandi vinnslutillaga verði kynnt í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

#### **4. 202111169 - Deiliskipulag, Jökuldalur, Klaustursel**

Fyrir liggur uppfærð skipulagstillaga að nýju deiliskipulagi í landi Klaustursels á Jökuldal. Brugðist hefur verið við athugasemdum Skipulagsstofnunar.

Eftirfarandi var bókað á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs 1.7.2024:  
Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirliggjandi skipulagstillögu og leggur til við heimastjórn Fljótsdalshéraðs að hún verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Heimastjórn Fljótsdalshéraðs samþykkir, að tillögu umhverfis- og framkvæmdaráðs, að fyrirliggjandi skipulagstillaga verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:50**

